



Félag fósturforeldra

Styrktarbeiðni til Skeiða- og Gnúpverjahrepps

26. ágúst 2025

Félag fósturforeldra eru félagasamtök sem hafa einfaldan tilgang; að bæta líf fósturbarna og fósturfjölskyldna. Fóstur er úrræði barnaverndar sveitarfélaga þegar önnur úrræði þrjóta. Félag fósturforeldra leitar til Skeiða og Gnúpverjahrepps um fjárhagslegan stuðning til reksturs félagsins og stuðnings við fósturforeldra.

Á ári hverju óska barnaverndarþjónustur eftir fóstri fyrir 120-160 börn og má ætla að 400-600 börn séu í fóstri hverju sinni. Fósturfjölskyldur geta verið staðsettar hvar sem er á landinu og eins geta börn frá öllum sveitarfélögum verið sett í fóstur. Engu að síður er það blákaldur veruleiki að innviðir til að styðja fósturfjölskyldur eru ýmist ekki til staðar eða af afar ólíkum gæðum milli sveitarfélaga.

Starf félagsins var um árabil rekið af sjálfbóðaliðum en hefur félagið hefur nú ráðið starfsmann til að mæta betur þörfinni sem hefur myndast við flóknari mál og til að nýta styrk sjálfbóðaliðanna og jafningjafræðslunnar sem ekki verður metin til fjár.

Félagið hefur fileflt starf sitt á undanförunum árum og mætir stuðningsbeiðnum fósturfjölskyldna með skipulögðum hætti með skráningu á eðli beiðna í gegnum skrifstofu félagsins. Með því fæst betri skilningur fyrir barnaverndarþjónustur hvernig hægt er að mæta fósturfjölskyldum betur.

Þá er félagið farið að halda fjölskylduviðburði, námskeið, fræðsluerindi, efla réttarvitund fósturforeldra og meðvitund fósturkerfisins og hinna ýmsu stofnanna innan þess á þeim áskorunum sem þarf að sigrast á. Auk þess sem við vinnum nú hörðum höndum að því að koma á fót staðbundnum jafningjastuðningshópum víðsvegar um landið.

Allt þetta og fleira hefur félagið byggt upp með einstaka styrkjum sem sjálfbóðaliðar félagsins hafa sótt og félagsgjöldum. Félagið vill nú tryggja betur framgang þess starfs til framtíðar.

Því leitar félagið nú til allra sveitarfélaga og mun á þessu hausti kynna starf félagsins á sameiginlegum fundi stjórnenda velferðarþjónusta sveitarfélaganna. Því þau njóta góðs af því að til sé öflugt félag sem stendur við bakið á því fórnfúsa fólki sem opnar faðm sinn fyrir börnum sem þarfnast fósturs. Þá er starf félagsins líka kjörinn vettvangur fyrir þau til að sameinast um frekari uppbyggingu á þeim innviðum sem styðja það fólk.

Félag fósturforeldra óskar eftir **25.000 kr** fjárstuðningi fyrir árinu 2026 til þess að þjónusta fósturforeldra og byggja áfram á nánu samstarfi við barnaverndarþjónustu.

Verði sveitarfélagið við styrkbeiðninni má greiða styrk á eftirfarandi reikning félagsins:

Reikningsnúmer: 0513-26-000882

Kennitala: 550393-2049

Við þökkum ykkur að taka styrkbeiðnina til skoðunar

Stjórn Félags fósturforeldra